

13. janúar 2020

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir söfnunar- og móttökustöð úrgangs og spilliefna að Búðaröxl 3, 690 Vopnafirði

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir söfnunar- og móttökustöð úrgangs og spilliefna að Búðaröxl 3 á Vopnafirði barst 4.10.2019. Umsækjandi er Vopnafjarðarhreppur, kt. 710269-5569.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 13. desember sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 10. janúar 2020.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu og starfsemi fyrirtækisins var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Starfsleyfi er því hér með gefið út.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svandóttir,
heilbrigðisfulltrúi